

Ársskýrsla stjórnar Fjöruverðlaunanna – bókmenntaverðlauna kvenna á Íslandi 2017

Félag um Fjöruverðlaun hefur slitið barnsskónum. Nú eru þrjú ár síðan félagið var stofnað til að halda utan um Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, sem fyrst voru afhent árið 2007. Á þessum þremur árum hefur mikið og gott starf verið unnið til að straumlínulaga framkvæmd verðlaunanna og leitast við að finna trausta samstarfsaðila sem geta hlúð að verðlaununum í framtíðinni.

Í ár var opnuð ný heimasíða verðlaunanna, www.fjoruverdlaunin.is, og er hlutverk þessarar nýju vefsíðu margþætt. Fyrst og fremst er síðunni ætlað að kynna bækur þeirra góðu kvenna sem unnið hafa verðlaunin í gegnum árin, og þar með sinna aðalhlutverki verðlaunanna sjálfra: að hampa íslenskum kvenrithöfundum. En vefsíðunni er einnig ætlað að tryggja gagnsæi verðlaunanna. Á vefsíðunni getur almenningur lesið lög Félags um Fjöruverðlaunin, siðareglur sem bæði stjórn verðlaunanna og dómnefndir gegna, og nöfn þeirra sem gegna ábyrgðarstörfum innan félagsins. Og síðast, en ekki síst, þá er vefsíðunni ætlað að halda utan um sögu verðlaunanna. Því að við hugsum stórt hér í Félagi um Fjöruverðlaunin. Við vitum svo sannarlega að þessi verðlaun verða veitt eftir hundrað ár, og þá er mikilvægt að haldið sé vel utan um allar skjölun sögulegra gagna!

Starfsárið 2016–2017

Á aðalfundi 29. september 2016 var kosið í annað skipti til stjórnar Félags um Fjöruverðlaunanna. Védís Skarphéðinsdóttir formaður, Erla Hlynsdóttir, Halldóra Sigurdórsdóttir og Unnur Jökulsdóttir viku allar úr stjórn og þökkum við þeim kærlega fyrir gott starf við að koma félaginu á legg.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir bauð sig aftur fram til stjórnar, og þetta sinn til formanns, og var kosin, og með henni fjórar nýjar stjórnarkonur, Ásbjörg Una Björnsdóttir, Guðrún Birna Eiríksdóttir, Ingibjörg Valsdóttir og Lára Jónsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga voru kosnir Halldóra Sigurdórsdóttir og Védís Skarphéðinsdóttir.

Á aðalfundi voru einnig samþykktar lagabreytingar, að stjórn sitji til þriggja ára ekki tveggja ára í senn, og að stjórn vinni samkvæmt siðareglum sem hún setur sér sjálf. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar kom þó upp að ein stjórnarkonan, Ingibjörg Valsdóttir, þurfti að stíga til hliðar þennan fyrsta vetur, þar sem hún var ritstjóri bókar sem kom til greina til verðlaunanna þá um jólin, en í fimmtu grein siðareglna stjórnar segir: „Eigi stjórnarkona hlutdeild í bók sem lögð verður fram til Fjöruverðlaunanna ber henni að víkja úr stjórn á því starfsári.“ Ljóst er að þetta verði ekki í síðasta skipti sem þetta kemur upp á, því að skörun milli félagsmanna Fjöruverðlaunanna og kvenna sem gefa út bækur er mikil!

Auglýst var eftir bókum eftir konur að leggja fram til verðlaunanna fyrir tilsettan tíma. Dómnefndir verðlaunanna voru fullskipaðar og höfðu sér til fulltingis verklagsreglur

Félag íslenskra bókaútgefenda hefur séð um útkeyrslu tilnefndra bóka til dómnefnda undanfarin ár, en í vetur hætti félagið að sinna þessari þjónustu. Stjórn átti þó í góðu samstarfi við FÍB á árinu. Útgefendur skiluðu inn bókum til Fjöruverðlaunanna á skrifstofu FÍB og

framkvæmdastýra félagsins hélt utan um bókaskrá fyrir hönd Fjöruverðlaunanna. Útkeyrsla bókanna til dómnefnda féll á stjórnarkonur Fjöruverðlaunanna.

Alls komu 85 bækur til greina til Fjöruverðlaunanna 2017, 32 bækur í flokki barna- og unglingabókmennta, 36 í flokki fagurbókmennta og 17 í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis. Á Borgarbókasafni 10. desember 2016 voru kynntar tilnefningar til verðlaunanna. Dómnefndir komu saman, lásu úrskurði sína og tilnefndu þrjár bækur hver í skemmtilegri veislu þar sem boðið var upp á léttar veitingar. Þessu voru gerð góð skil í öllum helstu fjölmiðlum og netmiðlum.

Þessar bækur og höfundar hlutu tilnefningu til Fjöruverðlaunanna 2017:

Í flokki fagurbókmennta

- *Raddir úr húsi loftskýtamannsins* eftir Steinunni G. Helgadóttur – **sem hlaut verðlaunin**
- *Eyland* eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur
- *Kompa* eftir Sigrúnu Pálsdóttur

Í flokki barna- og unglingabókmennta

- *Íslandsbók barnanna* eftir Margréti Tryggvadóttur og Lindu Ólafsdóttur – **sem hlaut verðlaunin**
- *Doddi: Bók sannleikans!* eftir Hildi Knútsdóttur og Þórdísi Gísladóttur; myndir og kápa Elín Elísabet Einarsdóttir
- *Úlfur og Edda: Dýrgripurinn* eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur

Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis

- *Heiða – fjalldalabóndinn* eftir Steinunni Sigurðardóttur – **sem hlaut verðlaunin**
- *Hugrekki – saga af kvíða* eftir Hildi Eiri Bolladóttur
- *Barðastrandahreppur – Göngubók* eftir Elvu Björgu Einarsdóttur

Laugardaginn 10. desember lögðu verðlaunin undir sig Hannesarholt við Grundarstíg til að kynna tilnefndar bækur, þangað komu höfundar þeirra og lásu úr bókum sínum og Eymundsson seldi bækur á staðnum. Gerð var sú tilraun þetta árið að auglýsa viðburðinn á RÚV til að reyna að auka aðsókn, en fundurinn reyndist þó fáskipaður eins og hefur verið síðan fyrsta bókahátíðin var haldin 2015. Í kjölfarið ákvað stjórn að skerpa betur starfsemi Félags um Fjöruverðlaunanna, að hlutverk félagsins væri að sjá um bókmenntaverðlaun ekki bókafrundi, og fella niður bókahátíð í ár. Við þökkum Ragnheiði J. Jónsdóttur, sem í þrjú ár hefur veitt Fjöruverðlauninum aðgang að sal sínum í Hannesarholti endurgjaldslaust til að halda þessa hátíð.

Reykjavíkurborg sem er ein af bókmenntaborgum UNESCO er sérlegur verndari verðlaunanna. Samstarfið er skilmálalaust en stjórn Fjöruverðlaunanna hefur ítrekað við borgina að þau vilji halda sjálfstæði og sjálfræði – eiga sig sjálf. Aðkoma Bókmenntaborgarinnar er að hún mun til framtíðar fjármagna og hýsa verðlaunaafhendinguna.

Fjöruverðlaunin 2017 voru afhent 19. janúar 2017 í húsakynnum borgarinnar í Höfða og um kvöldið bauð stjórnin dómnefndum í veislu í Gunnarshúsi.

Formaður stjórnar stýrði samkomunni, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Bókmenntaborgar UNESCO – Reykjavík ávarpaði gesti, og verðlaunahafar ársins 2016 veittu nýjum verðlaunahöfum verðlaun. Ragnheiður J. Jónsdóttir eiganda Hannesarholts, veitti í þriðja skipti aukaverðlaun, gistinætur í gömlu húsi á Kolkuósi í Skagafirði.

Stjórn og dómnefndir voru sammála um að athöfnin hefði gengið vel og fjölmiðlaumfjöllun var mikil. Dagskrá athafnarinnar er komin í fastar skorður, stutt og snörp, og athygli á verðlaunahafa. Boðsgestir voru um 80 talsins.

Verðlaunahafar árið 2017 fengu verðlaunaskjal, áletrað egg hannað af Koggu og blómvönd.

Dómnefndir unnu gott og óeigingjarnt starf og þökkum við þeim fyrir.

Í dómnefnd fagurbókmennta sátu Bergþóra Skarphéðinsdóttir, Guðrún Lára Pétursdóttir og Salka Guðmundsdóttir, í dómnefnd fræðibóka og rita almenns eðlis sátu Erla Elíasdóttir Völudóttir, Helga Haraldsdóttir og Sigurrós Erlingsdóttir, og í dómnefnd barna- og unglingabókmennta sátu Arnþrúður Einarsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir og Þorbjörg Karlsdóttir.

Allt samstarf við dómnefndir, Félag íslenskra bókaútgefenda, Borgarbókasafn, Hannesarholt, Reykjavíkurborg, gekk vel.

Sótt var um styrk á árinu til Mennta og menningarmálaráðuneytisins en fékkst ekki. Stjórn vinnur nú ötullega að annarri fjármögnun til verðlaunanna, m.a. með styrkumsóknum til fyrirtækja.

Starfsárið 2017–2018

Dómnefndir hafa þegar verið skipaðar fyrir Fjöruverðlaunin 2018.

Þær skipa Salka Guðmundsdóttir leikskáld, Guðrún Lára Pétursdóttir ritstjóri og Bergþóra Skarphéðinsdóttir íslenskufræðingur í flokki fagurbókmennta; Arnþrúður Einarsdóttir kennari, Sigrún Birna Björnsdóttir framhaldsskólakennari og Þorbjörg Karlsdóttir bókasafnsfræðingur í flokki barna- og unglingabókmennta; Sigurrós Erlingsdóttir íslenskukennari og Helga Haraldsdóttir sérfræðingur í atvinnuvega- og núsköpunarráðuneytinu í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis.

Tilnefningahátíð haustsins verður í Borgarbókasafni þriðjudaginn 5. desember 2017, verðlaunaafhending í Höfða mánudaginn 15. janúar 2018. - Dagsetningar birtar hér með fyrirvara um breytingar.